

Konur í forystu fyrirtækja 1999–2004

Women's leadership in enterprises 1999–2004

Samantekt Árið 2004 voru konur 18% framkvæmdastjóra og 22% stjórnarformanna starfandi fyrirtækja sem skráð eru í hlutafélagaskrá. Hlutfall kvenna miðað við karla er hæst í minnstu fyrirtækjunum og minnkar eftir því sem fyrirtækin stækka. Hlutfall kvenna er einnig hæst í yngsta aldurshópi framkvæmdastjóra og stjórnarformanna. Konur starfa í ríkari mæli í verslun og þjónustu en karlar.

Hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra jókst úr rúmum 15% árið 1999 í tæp 18% árið 2004 og er sú fjölgun aðallega fyrir tilstuðlan nýrra fyrirtækja. Hlutfall kvenkyns stjórnarformanna hefur ekkert breyst frá árinu 1999. Í árslok 2004 sátu 4.000 konur og 12.000 karlar í stjórnnum starfandi fyrirtækja. Stjórnarstöður kvenna voru 4.300 og karla 15.000.

Í þessu riti eru settar fram upplýsingar um fjölda framkvæmdastjóra, stjórnarformanna og stjórnarmanna eftir kyni, starfsemi fyrirtækja og stærð þeirra. Ítarlegar tölulegar upplýsingar er að finna á heimasíðu Hagstofunnar, www.hagstofa.is undir efnisliðnum Fyrirtæki og velta.

Aðferðafræði

*Upplýsingar um starfandi
fyrirtæki*

Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra sem settar eru fram í þessu riti eru unnar upp úr hlutafélagaskrá eins og hún stóð í lok árunna 1999–2004. Úr hlutafélagaskrá eru notaðar upplýsingar um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri, sem hér eftir verða nefnd einu nafni *fyrirtæki*.

Starfandi fyrirtæki. Eingöngu voru skoðuð starfandi fyrirtæki, en með starfandi fyrirtækjum er átt við þau sem greiddu laun á árunum 1999–2004. Engin lágmarksviðmið voru sett á upphæð launagreiðslna eða fjölda launamanna á þeim tíma.

Nýskráð fyrirtæki. Með nýskráðum fyrirtækjum er átt við fyrirtæki sem eru nýskráð í hlutafélagaskrá tiltekið almanaksár. Aðeins er átt við starfandi fyrirtæki, þ.e. nýskráð fyrirtæki sem greiddu laun á stofnári.

Framkvæmdastjórar. Hlutafélögum er skylt að ráða framkvæmdastjóra skv. lögum um hlutafélög. Einkahlutafélögum, samvinnufélögum og sjálfseignarstofnunum í atvinnurekstri er heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra en ber ekki bein lagaskylda til þess. Þó eru rúmlega 85% einkahlutafélaga, yfir 90% samvinnufélaga og 75% sjálfseignarstofnana í atvinnurekstri með skráðan framkvæmdastjóra. Munur á fjölda skráðra framkvæmdastjóra og fjölda starfandi fyrirtækja sem fram kemur í töflu 1 skýrist af þessu.



Stjórnarformenn. Í fjölskipuðum stjórnnum er formaður stjórnar kosinn af félagsstjórn. Skipi einn maður stjórn einkahlutafélags er við það miðað að viðkomandi einstaklingur gegni einnig stöðu stjórnarformanns.

Stjórnarmenn. Stjórnarmenn eru þeir sem til þess eru kjörnir af hluthafafundi, þ.m.t. formaður stjórnar.

Upplýsingar um kyn framkvæmdastjóra, stjórnarformanna og stjórnarmanna eru fengnar úr þjóðskrá. Af þeim sökum teljast ekki með þeir útlendingar sem ekki eru skráðir í þjóðskrá. Útlendingar sem fengið hafa íslenska kennitölu og eru skráðir í þjóðskrá eru hins vegar taldir með. Af þessu leiðir að fjöldi stjórnarformanna nær ekki heildarfjölda fyrirtækja.

Tafla 1. Fjöldi fyrirtækja og skráðir forráðamenn 1999–2004

Table 1. Number of active enterprises, managing directors and Board of Directors 1999–2004

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Starfandi fyrirtæki <i>Active enterprises</i> ¹	7.221	7.986	8.591	10.026	10.607	11.291
Nýskráð fyrirtæki <i>New registrations</i> ¹	782	877	828	1.633	1.043	990
Framkvæmdarstjórar <i>Managing directors</i>	6.668	7.248	7.727	8.874	9.298	9.779
Stjórnaformenn <i>Chairmen</i>	7.077	7.838	8.415	9.836	10.404	11.076
Stjórnarmenn <i>Board of Directors</i>	15.304	16.429	17.076	18.252	18.799	19.343

¹ Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri sem greiddu laun á viðkomandi ári. *Public limited companies, Private limited companies, Co-operative societies and Foundations engaging in business operation that are paying salary in the specific year.*

Framkvæmdastjórar


Konur 18% framkvæmdastjóra
árið 2004

Árið 2004 voru konur 18% framkvæmdastjóra í starfandi fyrirtækjum skráðum í hlutafélagaskrá. Hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra starfandi fyrirtækja sem stofnuð voru á árinu 2004 var hins vegar rúm 22%.

Árið 1999 gegndu 1.027 konur stöðu framkvæmdastjóra en árið 2004 hafði þeim fjölgað í 1.733 eða um tæplega 69%. Á sama tímabili fjölgaði karlkyns framkvæmdastjórum úr 5.641 árið 1999 í 8.046 árið 2004 eða um tæp 43%. Hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra hefur þó aðeins aukist úr rúmum 15% árið 1999 í tæp 18% árið 2004 þegar á heildina er litið.

Mynd 1. Hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra eftir stærð fyrirtækja 1999 og 2004

Figure 1. Women's share of managing directors by size of enterprises 1999 and 2004.



Hæst hlutfall kvenna í minnstu fyrirtækjunum

Hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra er hæst í minnstu fyrirtækjunum, eða tæp 19% í fyrirtækjum með færri en 10 starfsmenn. Almennt gildir að hlutur kvenna minnkar eftir því sem fyrirtækin verða stærri. Þó hefur konum í hópi framkvæmdastjóra fjölgað hlutfallslega mest í stórum fyrirtækjum, t.a.m. voru 9 konur framkvæmdastjórar í fyrirtækjum með fleiri en 50 starfsmenn árið 1999 en í árslok 2004 hafði þeim fjölgað í 20. Til samanburðar þá fækkaði karlkyns framkvæmdastjórum fyrirtækja með fleiri en 50 starfsmenn úr 285 árið 1999 í 269 í árslok 2004.

Tafla 2. Framkvæmdastjórar eftir kyni og stærð fyrirtækja árið 2004

Table 2. Managing directors by gender and enterprise size 2004

Starfsmannafjöldi Number of employees	Karlar Men	%	Konur Women	%
Alls Total	8.046	82,3	1.733	17,7
1	2.600	81,5	590	18,5
2-9	4.017	80,8	955	19,2
10-19	726	85,8	120	14,2
20-49	434	90,0	48	10,0
50-99	132	92,3	11	7,7
100-249	79	94,0	5	6,0
250+	58	93,5	4	6,5

Hæst hlutfall kvenna í annarri samfélagsþjónustu, engin kona í veitustarfsemi

Þegar litið er til atvinnugreina var hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra árið 2004 hæst í annarri samfélagsþjónustu, 41%, því næst í fræðslustarfsemi 38%, heilbrigðis- og félagsþjónustu 30% og hótél- og veitingahúsarekstri 29%. Í veitustarfsemi og námugreftri starfaði engin kona sem framkvæmdastjóri en í byggingarstarfsemi var hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra rúm 7% og tæp 8% í fjármálastarfsemi.

Tafla 3. Framkvæmdastjórar eftir kyni og atvinnugreinum 2004Table 3. *Managing directors by gender and economic activity 2004*

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	Karlur		Konur	
	<i>Men</i>	<i>%</i>	<i>Women</i>	<i>%</i>
Alls <i>Total</i>	8.046	82,3	1.733	17,7
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	178	85,6	30	14,4
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	653	90,8	66	9,2
Námugróftur <i>Mining and quarrying</i>	7	100,0	0	0,0
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	1.181	89,2	143	10,8
Veitur <i>Electricity, gas and water supply</i>	12	100,0	0	0,0
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	1.356	92,6	108	7,4
Verslun og ýmis viðgerðajónusta <i>Wholesale and retail trade; repairs</i>	1.523	77,4	445	22,6
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	348	70,7	144	29,3
Samgöngur og flutningar <i>Transport and communication</i>	363	86,6	56	13,4
Fjármálaþjónusta <i>Financial intermediation</i>	108	92,3	9	7,7
Fasteignaviðskipti og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate and business activities</i>	1.640	81,5	373	18,5
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	41	62,1	25	37,9
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	295	69,7	128	30,3
Önnur samfélagsþjónusta <i>Other services</i>	274	58,9	191	41,1
Ótilgreind starfsemi <i>Not specified</i>	67	81,7	15	18,3

80% kvenna í verslun og þjónustu, 60% karla

Þegar skoðuð er starfsemi fyrirtækja sem hafa konur fyrir framkvæmdastjóra kemur í ljós að 80% þeirra starfa í verslun og þjónustu. Sambærilegt hlutfall karla er 60%.

Tafla 4. Hlutfallsleg skipting framkvæmdastjóra eftir atvinnugreinum 2004Table 4. *Share of managing directors by economic activity 2004*

%	Karlur	Konur
	<i>Men</i>	<i>Women</i>
Alls <i>Total</i>	100,0	100,0
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	2,2	1,7
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	8,1	3,8
Námugróftur <i>Mining and quarrying</i>	0,1	0,0
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	14,7	8,3
Veitur <i>Electricity, gas and water supply</i>	0,1	0,0
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	16,9	6,2
Verslun og ýmis viðgerðajónusta <i>Wholesale and retail trade; repairs</i>	18,9	25,7
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	4,3	8,3
Samgöngur og flutningar <i>Transport and communication</i>	4,5	3,2
Fjármálaþjónusta <i>Financial intermediation</i>	1,3	0,5
Fasteignaviðskipti og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate and business activities</i>	20,4	21,5
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	0,5	1,4
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	3,7	7,4
Önnur samfélagsþjónusta <i>Other services</i>	3,4	11,0
Ótilgreind starfsemi <i>Not specified</i>	0,8	0,9

Hlutfall kvenna hæst í yngsta aldurshópi framkvæmdastjóra

Þegar aldur framkvæmdastjóra er skoðaður kemur í ljós að hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra miðað við karla er hæst í yngsta aldurshópnum (25 ára og yngri) eða 29% árið 2004.

Tafla 5. Hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra eftir aldri

Table 5. Women's share of managing directors by age

%	% breyting frá 1999	
	2004	% changes from 1999
Alls Total	17,7	2,3
25 ára og yngri <i>years and younger</i>	28,6	4,8
26–35 ára <i>years</i>	22,2	3,2
36–45 ára <i>years</i>	20,3	2,7
46–55 ára <i>years</i>	16,2	4,3
56 ára og eldri <i>years and older</i>	12,2	0,0

Meðalaldur kvenna 44 ár,
karla 47 ár

Meðalaldur kvenkyns framkvæmdastjóra árið 2004 var 44 ár á móti 47 árum karla. Ekki er afgerandi munur á aldursdreifingu framkvæmdastjóra eftir kyni. Þó eru framkvæmdastjórar úr röðum kvenna í 57% tilvika 45 ára og yngri á móti 46% karla.

Framkvæmdastjórar fyrirtækja stofnuðum 1999–2004

Aukin hlutdeild kvenna aðallega vegna nýrra fyrirtækja

Þegar greint er á milli fyrirtækja sem annars vegar voru stofnuð á árunum 1999 til 2004 og hins vegar fyrirtækja sem stofnuð voru fyrir þann tíma, þá kemur í ljós nokkur munur milli þessara tveggja fyrirtækjahópa. Hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra í fyrirtækjum stofnuðum 1998 og fyrr helst nánast óbreytt árin 1999 til 2004, um 15%. Hins vegar er hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra á milli 22–24% í fyrirtækjum stofnuðum á árunum 1999 til 2004.

Aukin hlutdeild kvenna í framkvæmdastjórstöðum fyrirtækja á árunum 1999 til 2004 er því nær eingöngu fyrir tilstuðlan nýrra fyrirtækja.

Stjórnarformenn

Konur fimmtungur stjórnarformanna

Konur voru rúmur fimmtungur stjórnarformanna árið 2004 á móti tæplega 80% hlut karla. Þetta hlutfall er nánast óbreytt frá 1999 til 2004. Sama hlutfall kvenna gegndi stjórnarformennsku í nýstofnuðum fyrirtækjum á þessum árum og því breyta þau engu um hlut karla og kvenna í stjórnarformennsku fyrirtækja.

Árið 1999 gegndu 1.586 konur stöðu stjórnarformanns en árið 2004 hafði þeim fjölgað í 2.440 eða um rúman helming. Á sama tímabili fjölgaði körlum í stöðum stjórnarformanna hlutfallslega nánast jafn mikið, eða úr 5.491 í 8.636.

Hlutfall kvenkyns stjórnarformanna hæst í minnstu fyrirtækjunum

Af stjórnarformönnum er sömu sögu að segja og af framkvæmdastjórum, hlutfall kvenkyns stjórnarformanna er hæst í minnstu fyrirtækjunum og lækkar eftir því sem fyrirtækin verða stærri. Þannig er hlutfall kvenna rúmlega 23% í hópi fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn, 16% í hópi fyrirtækja með 10–50 starfsmenn, en aðeins 4,5% í hópi fyrirtækja með 250 starfsmenn eða fleiri.

Tafla 6. Stjórnarformenn eftir kyni og stærð fyrirtækja árið 2004

Table 6. Chairmen by gender and size of enterprises 2004

Starfsmannafjöldi <i>Number of employees</i>	Karlur		Konur	
	<i>Men</i>	<i>%</i>	<i>Women</i>	<i>%</i>
Alls Total	8.636	78,0	2.440	22,0
1	2.863	77,1	590	22,9
2–9	4.352	76,4	955	23,6
10–19	745	81,5	120	18,5
20–49	431	87,8	48	12,2
50–99	131	91,6	11	8,4
100–249	72	93,5	5	6,5
250+	42	95,5	4	4,5

Þegar litið er til atvinnugreina er hlutfall kvenkyns stjórnarformanna hæst í fræðslustarfsemi, 40%, og lægst í fjármálaþjónustu, 10%.

Konur eru stjórnarformenn 16% fyrirtækja í iðnaði og byggingarstarfsemi

Konur eru stjórnarformenn í 16% fyrirtækja í iðnaði og byggingarstarfsemi og framkvæmdastjórar 9% þeirra. Fyrir hverja eina konu í stöðu framkvæmdastjóra fyrirtækja í iðnaði og byggingarstarfsemi eru því nærri tvær sem gegna stjórnarformennsku. Konur eru stjórnarformenn í fjórða hverju fyrirtæki í verslun og þjónustu og sama hlutfall verslunar- og þjónustufyrirtækja hefur konu fyrir framkvæmdastjóra (tafla 7).

70% kvenna í verslun og þjónustu, 60% karla

Rúmlega 70% þeirra fyrirtækja sem hafa konu fyrir stjórnarformann starfa í verslun og þjónustu, rúm 20% í iðnaði og byggingarstarfsemi, 4% í fiskveiðum og 3% í landbúnaði. Af þeim fyrirtækjum þar sem stjórnarformaðurinn er karl starfa hins vegar tæp 60% í verslun og þjónustu, 30% í iðnaði og byggingarstarfsemi, 8% í fiskveiðum og 2% í landbúnaði.

Tafla 7. Stjórnarformenn eftir kyni og atvinnugreinum 2004

Table 7. Chairmen by gender and economic activity 2004

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	Karlur		Konur	
	<i>Men</i>	<i>%</i>	<i>Women</i>	<i>%</i>
Alls Total	8.636	78,0	2.440	22,0
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	173	71,5	69	28,5
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	734	88,5	95	11,5
Námugróftur <i>Mining and quarrying</i>	4	80,0	1	20,0
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	1.139	80,4	277	19,6
Veitur <i>Electricity, gas and water supply</i>	11	84,6	2	15,4
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	1.450	84,8	260	15,2
Verslun og ýmis viðgerðaðþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repairs</i>	1.534	71,0	626	29,0
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	403	68,8	183	31,2
Samgöngur og flutningar <i>Transport and communication</i>	407	83,4	81	16,6
Fjármálaþjónusta <i>Financial intermediation</i>	105	89,7	12	10,3
Fasteignaviðskipti og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate and business activities</i>	1.865	81,0	438	19,0
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	47	60,3	31	39,7
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	343	70,9	141	29,1
Önnur samfélagsþjónusta <i>Other services</i>	351	63,5	202	36,5
Ótilgreind starfsemi <i>Not specified</i>	70	76,1	22	23,9

Meðalaldur kvenna 46 ár,
meðalaldur karla 48 ár

Meðalaldur kvenkyns stjórnarformanna árið 2004 var 46 ár á móti 48 árum karla. Helmingur kvennanna er 45 ára og yngri en það á við um 44% karla. Flestar konurnar eru í aldurshópnum 36–45 ára en líkt og á við um framkvæmdastjóra þá er hlutfall kvenkyns stjórnarformanna miðað við karla hæst í yngsta aldurshópnum og fer lækkandi eftir því sem konurnar verða eldri.

Stjórnarformenn fyrirtækja stofnuðum 1999–2004

Stjórnarformenn nýrra fyrirtækja

Ólíkt stöðu framkvæmdastjóra þá hefur hlutur kvenna í stjórnarformennsku fyrirtækja haldist óbreyttur frá árinu 1999 til 2004, um 22%. Fyrirtæki stofnuð á árunum 1999 til 2004 eiga konu fyrir stjórnarformann í 22–24% tilvika og breyta því í engu hlut kvenna í heildinni.

Stjórnarmenn

4.000 konur og 12.000 karlar í
stjórnnum fyrirtækja

Árið 2004 sátu tæplega 4.000 konur í rúmlega 4.300 stjórnarstöðum samanborið við tæplega 3.000 konur sem sátu í rúmlega 3.300 stjórnarstöðum árið 1999. Þrátt fyrir að konum í stjórnnum fyrirtækja hafi fjölgað um tæp 30% á undanförunum sex árum þá hefur hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja ekkert breyst þegar á heildina er litið, fer úr tæpum 22% árið 1999 í rúm 22% árið 2004.

Árið 2004 sátu tæplega 12.000 karlar í 15.000 stjórnarstöðum. Frá árinu 1999 hefur körlum í stjórnnum fyrirtækja fjölgað um tæplega 3.000 og stjórnarstöðum um rúmlega 3.000.

Hlutfall kvenna lækkar eftir því
sem fyrirtækin stækka

Rúmlega 84% kvenkyns stjórnarmanna sitja í stjórnnum fyrirtækja sem hafa færri en 10 starfsmenn, sambærilegt hlutfall karlkyns stjórnarmanna er rúm 75%. Hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja fer lækkandi eftir því sem fyrirtækin stækka á meðan hlutfall karla fer að sama skapi hækkandi.

Tafla 8. Stjórnarmenn eftir kyni og stærð fyrirtækja árið 2004

Table 8. Board of Directors by gender and enterprise size 2004

Starfsmannafjöldi	Karlar		Konur	
Number of employees	Men	%	Women	%
Alls Total	15.027	77,7	4.316	22,3
1	3.827	76,1	1.200	23,9
2–9	7.509	75,6	2.429	24,4
10–19	1.699	81,5	386	18,5
20–49	1.151	85,2	200	14,8
50–99	408	88,5	53	11,5
100–249	261	89,4	31	10,6
250+	172	91,0	17	9,0

Hlutfall kvenna í nýskráðum
fyrirtækjum eykst lítillega

Þegar skoðuð er stjórnarseta kvenna í nýskráðum fyrirtækjum kemur í ljós að hlutfall kvenna eykst lítillega. Hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja sem tóku til starfa árið 1999 var tæplega 23% og hefur þetta hlutfall hækkað í tæp 25% árið 2004.

Hlutfall kvenna hæst í annarri
samfélagsþjónustu

Hlutfall kvenna í stjórnnum er hæst í fyrirtækjum í annarri samfélagsþjónustu (37%), fræðslustarfsemi (35%) og hótél- og veitingahúsarekstri (31%). Hlutfallslega séð sitja hins vegar fæstar konur í stjórnnum fyrirtækja í veitustarfsemi (9%), fjármálaþjónustu (10%), námugrefti (11%) og fiskveiðum (16%).

Tafla 9. Stjórnarmenn eftir kyni og atvinnugreinum 2004

Table 9. Board of Directors by gender and economic activity 2004

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	Karlar		Konur	
	<i>Men</i>	<i>%</i>	<i>Women</i>	<i>%</i>
Alls <i>Total</i>	15.027	77,7	4.316	22,3
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	303	72,7	114	27,3
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	1.129	84,4	209	15,6
Námugróftur <i>Mining and quarrying</i>	16	88,9	2	11,1
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	2.430	81,1	566	18,9
Veitur <i>Electricity, gas and water supply</i>	49	90,7	5	9,3
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	2.098	84,1	398	15,9
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repairs</i>	2.836	71,8	1.114	28,2
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	650	69,4	286	30,6
Samgöngur og flutningar <i>Transport and communication</i>	707	83,5	140	16,5
Fjármálaþjónusta <i>Financial intermediation</i>	261	90,0	29	10,0
Fasteignaviðskipti og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate and business activities</i>	3.290	79,6	841	20,4
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	90	64,7	49	35,3
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	452	70,4	190	29,6
Önnur samfélagsþjónusta <i>Other services</i>	586	63,2	341	36,8
Ótilgreind starfsemi <i>Not specified</i>	130	80,2	32	19,8

70% kvenna í
verslun og þjónustu

Rúmlega 70% kvenkyns stjórnarmanna sitja í stjórnnum fyrirtækja sem leggja stund á verslun og ýmis konar þjónustu, rúm 22% eru í stjórnnum fyrirtækja í iðnaði og byggingarstarfsemi og rúmlega 7% sitja í stjórnnum fyrirtækja í landbúnaði og fiskveiðum.

English Summary

In 2004 women accounted for 18% of managing directors and 22% of chairmen of boards of directors. The proportion of women in those positions is higher in small enterprises and decreases as the enterprises become larger.

In 1999, 15% of enterprises had women as managing directors, but in 2004 the proportion had increased to 18%, mainly because of new enterprises. The share of female chairmen did not change during this period. Some 4,000 women were members of boards of directors compared to 12,000 of men in 2004.

In this publication the data on number of managing directors, chairmen and members of board of directors are presented by sex, economic activities and size of enterprises. Exhaustive dataset is available on the website of Statistics Iceland.

Hagtiðindi
Statistical Series

90. árgangur nr. 49

ISSN 0019-1078

Fyrirtæki og umsvif
Enterprises and turnover

2005:2

ISSN 1670-4517 (pappír paper) • ISSN 1670-4525 (pdf)

Verð *Price ISK 500 EUR 6*

Umsjón *Supervision* Magnús Kári Bergmann • magnus.begmann@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099